

HÉRAÐSBÓKASAFN AUSTUR- HÚNAVATNSSÝSLU

Fundur haldinn í stjórn Héraðsbókasafnsins þriðjudaginn 24. ágúst 2004 kl. 16:00

Dagskrá:

1. Kynntir samningar aðildarsveitarfélaga safnsins.
2. Kosning formanns og ritara.
3. Árgjald – 2004 – opnunartími.
4. Ársreikningar 2003.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kynnt var fundargerð oddvita sveitafélag frá 11. feb. 2004 sem kaus starfshóp til að móta drög að starfsreglum fyrir safnið. Einnig lögð fram drög að samstarfssamningi frá 7. apríl 2004. Í framhaldi af því hefur verið kjörin stjórn safnsins sem sitji út kjörtímabilið. Hana skipa tveir fulltrúar frá Blönduóssbæ, þær Hjördís Blöndal og Stefanía Garðarsdóttir og til vara Hlíf Sigurðardóttir, einnig fulltrúi aðildarsveitarfélaganna Gréta Björnsdóttir og til vara Sigursteinn Bjarnason.
2. Hjördís Blöndal kosin formaður og Gréta Björnsdóttir ritari.
3. Ákveðið að hafa árgjöld óbreytt kr. 1.500,- Opnunartímar safnsins verði einnig óbreyttir á mánudögum kl. 15:00 – 18:00 á miðvikudögum kl. 16:00 – 21:00 og föstudögum kl. 15:00 – 18:00.
4. Safnvörður, Þorvaldur lagði fram ársreikning Héraðsbókasafnsins fyrir árið 2003 endurskoðaða af skoðunarmönnum Blönduóssbæjar. Rekstur var neikvæður um kr. 373.613,-

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Stefanía Garðarsdóttir
Hjördís Blöndal
Þorvaldur G. Jónsson

Gréta Björnsdóttir

